



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Samtún 10 - sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að bifreiðastæði við Samtún 10 verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar, sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, 15. júní 2022.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*starfandi deildarstjóri samgangna*

